

Skólaráð 26. október 2016

1. fundur skólaárið 2016 - 2017

Mætt: Anna Kristjana fulltrúi nemenda, Kristín skólastjóri, María fulltrúi starfsmanna, Hafdís fulltrúi starfsmanna, Unnur Elva fulltrúi foreldra, Ágúst fulltrúi nemenda.

Dagskrá:

1. Kynning á starfsreglum skólaráðs.

- Ágúst boðinn velkominn í skólaráðið. Farið yfir skipun skólaráðs og hlutverk þess. Hægt að nálgast upplýsingar um skólaráð á heimasíðu skólans ásamt eldri fundagerðum.
- skólanámsskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun, breytingar framundan, öryggismál, skólareglur og ýmislegt annað kemur inn á borð ráðsins.
- Farið sérstaklega í þátttöku nemenda í skólaráði

2. Fundartímar vetrarins.

- Ákveðið að ræða það frekar í tölvupóstsamskiptum þar sem það vantar fulltrúa foreldra á fundinn. Miðvikudagar klukkan 16 henta líklega vel.

3. Samræmd könnunarpróf: framkvæmd og niðurstöður.

- farið yfir fyrstu niðurstöður úr samræmdum prófum.
- niðurstöður í íslensku hjá 4.bekk í slakari kantinum en stærðfræðin kemur vel út.
- Kennarar hafa mikið notað samræður í stærðfræðikennslu sem er greinilega að skila sér.
- Hjá 7.bekk kemur íslenskan fremur illa út en stærðfræðin vel. Allir nemendur sýna meiri eða svipaðar framfarið miðað við 4.bekkar prófið.

4. Önnur mál

- rætt um nýtt einkunnakerfi. Nemendum finnst t.d. C hljóma eins og mjög lágt.
- allir aðilar þurfa að aðlagast nýju kerfi, nemendur, starfsfólk og foreldrar.
- ungmennaráðið hefur bent á að ráðuneytið hafi brotið á nemendum með því að breyta þessu án þess að tala við nemendur.
- rætt um komandi vinnu heilsueflandi ráðs. Hvaða hugmyndir hafa nemendur um heilsueflandi skóla? Meiri fjölbreytni í ávaxta- og grænmetisúrvali í frímínútum og hádegismat.
- Krakkaskosningar í skólanum á morgun. Unglingastig og miðstig kjósa. Búið að horfa á kynningarmyndbönd. Niðurstöður kynntar á kosningarvöku.
- Rætt um Siljuna, myndbandakeppni grunnskólana á vegum Barnabókaseturs. Væri frábært ef nemendur skólans myndu taka þátt í ár.

Næsti fundur miðvikudaginn 23. nóvember kl. 15-16

Fundi slitið